

**Nr. 068 / 10 Blómfríður SH 422*****Fær í skrúfunu og dregin til hafnar***

Skipaskr.nr. 1244  
Smíðaður: Akranesi 1972, stál  
Stærð: 102,6 brl. 128,3 bt.  
Mesta lengd: 27,64 m Skráð lengd: 24,38 m  
Breidd: 6,6 m Dýpt: 3,3 m  
Vél: Caterpillar 416 kW, 1972  
Fjöldi skipverja: 4



Blómfríður©Alfons Finnsson

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 1. júní 2010 var Blómfríður SH 422 á rækjuveiðum í Kolluál um 20 sml. NV af Ólafsvík. Veður: Kaldi

Þegar skipverjar voru að láta trollið fara slóst belgurinn inn undir skutinn og skrúfan náði í netið. Skipstjóri kúplaði frá þegar þyngdi á vélinni og reynt var að hífa í belginn en ekki tókst að losa úr skrúfunni.

Óskað var eftir aðstoð og kom björgunarskipið Björg á staðinn og dró bátinn inn til Ólafsvíkur.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.